



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

LITLI
TÓNSPROTINN

TÍMAFLAKK Í TÓNHEIMUM

5. OKTÓBER
2019

TÓNLEIKAR Í ELDBORG LAU. 5. OKTÓBER KL. 14:00

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Michelle Merrill *hljómsveitarstjóri*

Áshildur Haraldsdóttir *einleikari*

Herdís Anna Jónsdóttir *einleikari*

Nimrod Ron *einleikari*

Þuríður Blær Jóhannsdóttir *kynnir*

Guðmundur Felixson *kynnir*

DAGSKRÁ

Claudio Monteverdi

Inngangur að Orfeo

Jean-Baptiste Lully

Mars úr óperunni Thesée

Johann Sebastian Bach

Badinerie úr hljómsveitarsvítu nr. 2

Franz Joseph Haydn

2. þáttur úr Óvæntu sífóníunni

Wolfgang Amadeus Mozart

Forleikur að Töfraflautunni

Ludwig van Beethoven

Óðurinn til gleðinnar

Sveinbjörn Sveinbjörnsson

Lofsöngur

Mélanie Héléne Bonis

Spænskur vals

Jón Leifs

Dýravísur

John Williams

Raiders of the Lost Ark úr Indiana Jones

Thea Musgrave

Loch Ness – Póstkort frá Skotlandi

Lára Rún Eggertsdóttir

Jú víst!

Úts. Tryggvi Baldvinsson

Nemendur úr 3. bekk Egilsstaðaskóla myndir við Loch Ness

Svarthönnunarstúdíó *grafík*

UM TÓNLEIKANA

Tónleikagestum er boðið í tímaflakk um tónheima þar sem Sinfóníuhljómsveitin flytur sig eftir tímaás tónlistarsögunnar og staldrar við merk kennileiti. Leiðsögmenn í þessum magnaða leiðangri um undraveröld tónlistarinnar eru Þuríður Blær Jóhannsdóttir og Guðmundur Felixson. Þau leiða hlustendur á öllum aldri á lifandi hátt um lendur og dali, klífa hæstu tinda og kanna dulúðugar sögusagnir um vatnaskrímsli og goðsagnir á þurru landi. Bandaríski hljómsveitarstjórinn Michelle Merill mundar tónsprotann en hún er þekkt fyrir störf sín með ungum hlustendum og hefur stýrt fjölmörgum menntaverkefnum og tónleikum Detroit-sinfóníuhljómsveitarinnar auk annarra hljómsveita í Norður-Ameríku.

LOFSÖNGUR

Ó, guð vors lands! Ó, lands vors guð!
Vér lofum þitt heilaga, heilaga nafn!
Úr sólkerfum himnanna hnýta þér krans
þínir herskarar, tímanna safn.
Fyrir þér er einn dagur sem þúsund ár
og þúsund ár dagur, ei meir:
eitt eilífðar smáblóm með titrandi tár,
sem tilbiður guð sinn og deyr.
;; Íslands þúsund ár, ;;
eitt eilífðar smáblóm með titrandi tár,
sem tilbiður guð sinn og deyr.

Matthías Jochumsson



Á DÖFINNI Í LITLA TÓNSPROTANUM

Lau. 14. & sun. 15. desember kl. 14 & 16

Jólatónleikar Sinfóniunnar

Sannkölluð hátíðarstemning ríkir á jólatónleikum hljómsveitarinnar. Það eru frábærir listamenn á öllum aldri sem koma fram með hljómsveitinni og tendra jólaandann í hjörtum okkar. Kynnir er trúðurinn Barbara og um tónsprotann heldur Bjarni Frímánn Bjarnason.



Lau. 14. mars kl. 14:00

Dimmalimm og Svanavatnið

Listmálarinn Muggur samdi ævintýrið um Dimmalimm fyrir litla frænku sína og síðar samdi Atli Heimir Sveinsson gullfallega tónlist við ævintýrið. Einnig hljóma valdir þættir úr Svanavatninu eftir Tsjajkovskj. Sögumaður er trúðurinn Barbara og hljómsveitarstjóri er Bjarni Frímánn.

Lau. 25. apríl kl. 14:00

Hvar er húfan mín?

Við förum í ferðalag í Hálsaskóg og til Kardemommubæjar. Leikararnir Jóhanna Vigdís Arnardóttir, Pálmi Gestsson, Valur Freyr Einarsson og Örn Árnason ásamt Kór Kársnesskóla flytja söngvana sem hafa glatt unga jafnt sem aldna um árabíl. Jóhann G. Jóhannsson klæðir tónlist Torbjörns Egner í hljómsveitarbúning og Marit Strindlund stjórnar.



Sinfóníuhljómsveit Íslands

Miðasala í Hörpu / sinfonia.is / harpa.is / 528 50 50



[@icelandsymphony](https://www.instagram.com/icelandsymphony) / [#sinfó](https://www.facebook.com/sinfonia)